



Alþýðusamband Íslands

**Setningarræða Grétars Þorsteinssonar forseta ASÍ**

23. október 2008

Félagsmálaráðherra, erlendir og innlendir gestir, góðir félagar.

Ég býð ykkur velkomin til þessa áttunda ársfundar Alþýðusambands Íslands.

Fyrir okkur liggur að fjalla um mörg mikilvæg viðfangsefni. Líklega mun þó umræðan um efnahagsmálin yfirskyggja flest annað. Þó svo viðfangsefnin séu alvarleg, þá notum við líka tækifærið til að rifja upp gömul og góð kynni.

Eins og við væntanlega gerum okkur öll grein fyrir er ástandið í íslensku efnahags- og atvinnulífi grafalvarlegt. Ég veit að það þjónar ekki tilgangi að minna á að verkalýðshreyfingin hefur um nokkurra ára skeið bent á hættunarnar samfara þenslunni og útrásinni.

Um leið verð ég líka að viðurkenna að það hvarflaði aldrei að okkur að lendingin yrði jafn hörð og raun ber vitni. Henni verður ekki lýst öðru vísi en sem algjöru skipbroti þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið hér á landi undanfarin ár.

Það er mikilvægt að koma í veg fyrir að nokkuð þessu líkt gerist aftur og það kallar á að farið verði vandlega í saumana á atburðarásinni.

Ástæðan er ekki sú að ég vilji finna sökudólga til að refsa þeim, þótt það sé eðlilegt að helstu gerendur séu látnir standa reikningskil gerða sinna hafi þeir gert eitthvað misjafnt. Það er hins vegar nauðsynlegt til að hreinsa andrúmsloftið, læra af mistökunum og tryggja að við stöndum ekki aftur í sömu sporum. Í mínum huga mun verkalýðshreyfingin gegna mikilvægu hlutverki í þessari yfirferð. Það þarf að velta öllum steinum við.

En þrátt fyrir mikilvægi þessa verkefnis, er hins vegar nauðsynlegt að bregðast við bráðavandanum af mikilli alvöru. Það verður að gerast tafarlaust. Við í forystusveit ASÍ höfum því lítið blandað okkur í umræðuna um reikningskilin hingað til, heldur staðið vaktina við að freista þess að lágmarka þann skaða sem hrun bankanna veldur. Í því sambandi eru nokkur verkefni brýnust. Þau eru öll

nauðsynleg og ég ætla ekki hér að gera upp á mili þeirra, það verður að vinna þau meira og minna samhliða.

Í fyrsta lagi verður að tryggja að gangvirki atvinnulífsins haldi áfram að snúast eins og kostur er. Það er undirstaða þess að hægt verði að halda uppi vörnum fyrir heimilin í landinu og hefja á þeim grundvelli nauðsynlegt uppbyggingarstarf.

Lengi hefur verið bent á að sú þumalskrúfa á heimili og fyrirtæki sem háir vexir Seðlabankans eru, slái ekki á verðbólgu við þær aðstæður sem hafa ríkt í efnhagslífinu. Við þurfum ekki annað en skoða sögu undanfarinna missera til að fá það staðfest. Það þarf að lækka vexti hratt og í stórum skrefum. Vaxtalækkunin nýverið var vissulega skref í áttina, en meira þarf til.

Jafnframt þarf að styrkja gengi krónunnar eins hratt og mögulegt er. Að öðrum kosti eigum við á hættu að veikt gengi krónunnar hafi það í för með sér að óðaverðbólga festist í sessi.

Það er aftur á móti alveg ljóst í mínum huga að þetta gerist ekki nema með því að okkur takist að skapa að nýju trú umhverfisins á að við getum unnið okkur út úr vandanum. Ég veit að það er ljótt að segja það – en Ísland er í augum umheimsins rúið trausti. Og þótt sjálfstraustið sé mikilvæg og nauðsynleg forsenda, þá dugar það ekki eitt og sér.

Því lengur sem við drögum að viðurkenna stöðuna eins og hún er og leita okkur aðstoðar – þeim mun alvarlegri verður hættan á að við sökkvum enn dýpra en orðið er. Það að afneita vandamálinunum og gera minna úr þeim, gerir þau enn verri. Tíminn vinnur ekki með okkur núna.

Við verðum að bæta ímynd okkar og trúverðugleika í hinu alþjóðlega samfélagi. Við gerum það ekki með því að kaupa okkur aðstoð færustu ímyndar- og auglýsingasérfræðinga – ef ekkert er á bakvið.

Íslenska þjóðin hefur fengið nóg af slíku. Við höfum fengið nóg af glansmyndum og glæsilegum umbúðum án innihalds. Núna þurfum við að einbeita okkur að innihaldinu – og koma því á framfæri á heiðarlegan og trúverðugan hátt.

Það hefur legið ljóst fyrir í mínum huga að nauðsynlegt væri að Ísland óskaði eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar í stað. Aðstoð sjóðsins yrði í formi lánveitingar, en einnig ráðgjafar um það hvernig við komum okkur út úr núverandi ástandi. Við þurfum að koma okkur upp trúverðugri áætlun til næstu ára um það hvernig við ætlum að vinna okkur út úr vandanum.

Þetta er algjört lykilatriði, samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn skapar skilyrði fyrir því að önnur ríki og Seðlabankar geti komið til aðstoðar.

Takist okkur að móta sannfærandi aðgerðaáætlun sem bæði við sjálf og aðrir hafa trú á að gangi, þá opnast leiðir til að byggja upp traustan gjaldeyrisvarasjóð og opna fyrir nauðsynlega lánaþyrngreiðslu erlendis frá.

Nú liggur fyrir að leitað verður til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og því ber að fagna.

En ágætu félagar. Vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem eru á alþjóðlegum fjármálamörkuðum óttast ég að meira þurfi til. Því tel ég, að til þess að auka trúverðugleika þessara aðgerða, sé eina færa leiðin að Ísland sæki um aðild að

Evrópusambandinu og óska eftir aðildarviðræðum og fá úr því skorið hverra kosta er vöð og síðan fari málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í beinu framhaldi eigum við að sækja um aðild að evrópska myndsamstarfinu og stefna að því að taka upp evru. Með þessu gætum við aukið trúverðugleikann í sambandi við gjaldmiðilinn og skapað okkur forsendur fyrir því að verja fastgengisstefnu á næstu 2-3 árum.

Á vettvangi Alþýðusambandsins höfum við rætt ítarlega um Evrópusamvinnuna og stöðu launafólks á undanförunum árum. Við höfum lýst þeirri skoðun okkar, að þátttakan í þessu samstarfi hafi skilað íslensku launafólki miklu og kostirnir við hana hafi verið margfaldir í samanburði við ókostina.

Nú erum við einfaldlega á stödd á þeim stað að við verðum að kveða upp úr um það hvort við sækjum um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það gagnist hagsmunum okkar best að stíga skrefið til fulls og að við höfum í raun og veru ekkert val um það.

Eitt af þeim atriðum sem kann að vera nauðsynlegt innlegg í aðgerðaáætlunina er að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði. Það er ljóst, að forsendur kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum eru löngu brostnar og samningar hjá okkur og samningar ýmissa hópa opinberra starfsmanna eru lausir.

Ég er þeirrar skoðunar að við þessar aðstæður geti verið skynsamlegt að láta á það reyna hvort við – í samvinnu við samtök opinberra starfsmanna og samtök atvinnurekenda – getum komið okkur saman um sameiginlega launastefnu. Slík stefna hlýtur að fela það í sér að allt launafólk fái sambærilegar launahækkunir á þessu ári og næstu tveimur árum. Það myndi treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika .

Á móti þessu hljótum við að gera ýmsar kröfur til atvinnurekenda. Fyrirtæki og opinberir aðilar verða að gæta aðhalds í gjaldskrá og verðhækkunum.

Opinberir aðilar verða að setja mannaflsfrek verk – svo sem viðhaldsframkvæmdir í forgang, til að tryggja atvinnu. Slík verkefni er hægt að setja af stað með skömmum fyrirvara og þau þarf ekki að bjóða út á evrópska efnahagssvæðinu.

Góðir félagar

Um leið og við verðum að einbeita okkur að því að halda hjólum atvinnulífsins á nauðsynlegri hreyfingu – verðum við að huga að þeim sem eru alltaf fyrstu fórnarlömbin við aðstæður eins og nú ríkja. Það eru heimilin í landinu. Verðum að leggja höfuðáhersluna á að lágmarka skaðann.

Eitt mikilvægasta verkefni dagsins er að tryggja stöðu Íbúðalánasjóðs. Það er ljóst, að nauðsyn á íbúðalánasjóði sem leggur annað til grundvallar en markaðsleg sjónarmið, hefur aldrei verið meiri en nú. Við skulum vera þakklát fyrir að það hafi tekist að hrinda þeirri atlögu sem gerð hefur verið að Íbúðalánasjóði á undanförunum misserum. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hver staðan væri á mörgum heimilum ef bönkunum hefði tekist ætlunarverkið.

Sjóðurinn þarf að vera í stakk búinn til að létta undir með lántakendum vegna greiðsluferfiðleika, en það þarf einnig að tryggja honum möguleika til að grípa



inn í vegna vandamála þeirra fjölmörgu sem tóku húsnæðislán hjá bönkunum, að ekki sé talað um þá sem eru með gengistryggð húsnæðislán. Ég veit að nú þegar er unnið að því að þetta geti gengið eftir.

Annað – ekki síður mikilvægt viðfangsefni – er að tryggja hagsmuni lífeyrisþega og lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa vissulega orðið fyrir skakkaföllum út af ástandinu á fjármálamörkuðum sem þýðir, að reynst geti nauðsynlegt að skerða lífeyrisréttindi meðan sjóðirnir jafna sig eftir áfallið. Það breytir ekki því, að hér verður að fara varlega í sakirnar.

Góðir félagar. Það verður ekki lengur vikist undan því að endurskoða lífeyriskerfið með það fyrir augum að allir landsmenn sitji við sama borð – hvort sem þeir eru á almennum vinnumarkaði eða hinum opinbera.

Núverandi staða beinlínis hrópar á að misréttið í lífeyrismálum verði leiðrétt. Verði lífeyrissjóðir launafólks á almennum markaði fyrir alvarlegum skakkaföllum, bitnar það á réttindum sjóðsfélaganna. Verði opinberu lífeyrissjóðirnir fyrir skakkaföllum, fá skattgreiðendur bakreikninginn. Að

meginstofni eru skattgreiðendurnir sama fólk og á að taka á sig skerðingarnar vegna stöðu almennu sjóðanna.

Það hljóta allir að sjá að þetta er óásættanlegt óréttlæti sem verður að finna lausn á.

Félagar

Nú mætti skilja það sem svo að ekkert sé nema svartnættið framundan. Það er samt sem áður ekki svo, þótt ég hafi staldrað við dökku hliðarnar á ástandinu. Ég held meira að segja að til lengri tíma geti ýmislegt jákvætt komið út úr því ástandi sem nú blasir við – þ.e. ef við bregðumst við því af alvöru og einurð.

Í lýsingunni á ástandinu sem ég hef hér rakið að nokkru, hef ég bent á til hvaða aðgerða þarf að grípa til að komast út úr því. Ég hef bent á mikilvægi þess að óska aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég hef jafnframt lýst þeirri skoðun minni að við eigum að fara í viðræður um aðild að Evrópusambandinu til að byggja upp traust alþjóðasamfélagsins á getu okkar til að standa við skuldbindingar og treysta stoðir atvinnulífsins.

Bæði þessi atriði hljóta að vera grunnurinn að því að við getum lagt skynsamlegan grunn að framtíðinni og því hvert við viljum stefna. Við skulum líka halda því rækilega til haga hvers konar framtíð við sjáum fyrir okkur. Við sjáum ekki fyrir okkur framtíð með glamúr og glansmyndum. Við megum ekki endurreisa efnahag Íslands til að sami leikur verði leikinn aftur.

Nei góðir félagar. Við hljótum að ætlast til þess að framtíðin verði vörðuð meiri ábyrgð og alvöru en undanfarin ár. Sú hagstjórn sem við höfum horft upp á og gagnrýnt í ítrekuðum ályktunum bæði ársfunda og miðstjórnar hefur beðið skipbrot. Nýfrjálshyggjan hefur beðið skipbrot.

Í nánustu framtíð hljótum við að leggja áherslu á að byggja upp annars konar samfélag, samfélag þar sem grunngildi og hugsjónir verkalýðshreyfingarinnar eru í hávegum. Nú er rétti tíminn til að setja fram slíkar kröfur. Við megum ekki hlusta á úrtölufólkið sem kemur til með að segja að það verði að bíða betri tíma, við verðum að ná fótfestu áður en við getum farið að huga að þesskonar munaði.

Látum ekki svona úrtöluraddir – sem örugglega munu heyrast – villa okkur sýn.

Rétti tíminn til að leggja grunninn að manneskjulegra samfélagi – samfélagi sem hvílir á frelsi, jafnrétti og bræðralagi – er núna.

Þess vegna hittir yfirskrift þessa ársfundar – **Áfram Ísland fyrir ungt fólk og**

**fram tíðina** – beint í mark. Það hefur sjaldan verið mikilvægara fyrir

vinnumarkaðinn og samfélagið allt en akkúrat núna, að sú framtíð sem bíður

ungs fólks sé björt. Þar skiptir höfuðmáli, að aðgangur að þeim samfélagslegu

gæðum sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir frá upphafi, sé öllum

tryggður. Þá er ég að vísa til þátta eins og menntunar, húsnæðis, heilbrigðis- og

velferðarþjónustu.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að vandaðri og ítarlegri stefnumótun

Alþýðusambandsins í málefnum ungs fólks. Í þeirri vinnu höfum við haft

samstarf við ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og í vor létum við vinna

umfangsmikla viðhorfskönnun meðal ungs fólks. Stefnumótunin er ekki síst

byggð á þessari vönduðu undirbúningsvinnu.

Rauði þráðurinn í þeirri stefnumótun sem fjallað verður um á þessum ársfundi og verður vonandi afgreitt sem stefna sambandsins í málaflokknum, er að nýta verði velferðarkerfið í heild sinni til þess að jafna kjörin milli kynslóða og létta þunga framfærslubyrði unga fjölskyldna. Ungu fólki bjóðast fleiri og fjölbreyttari tækifæri í lífinu en áður þekktist og það er okkar hlutverk – hlutverk samfélagsins alls – að gera því kleift að nýta þessi tækifæri.

Við höfum áður á ársfundum fjallað um að það sé eftirsóknarvert að færa íslenskt samfélag nær velferðarsamfélögunum sem við þekkjum á hinum Norðurlöndunum. Þetta sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar er í fullu gildi í dag – raunar hefur það enn meira gildi en oft áður – og þetta sjónarmið endurspeglast í þeim drögum að stefnu í málefnum ungs fólks sem hér eru til umfjöllunar.

Staða, hlutverk og framtíð verkalýðshreyfingarinnar hefur oft borið á góma í störfum okkar á undanförunum árum og hlýtur að vera stöðugt umfjöllunarefni. Í þeirri viðhorfskönnun meðal ungs fólks sem ég vísaði til hér að framan, var spurt um hug ungs fólks til Alþýðusambandsins. Það er mér mikið ánægjuefni að ungt fólk er upp til hópa mjög jákvætt í garð hreyfingarinnar og telur starf hennar mikilvægt. Við getum því horft björtum augum til framtíðarinnar og

þeirra verkefna sem biða verkalýðshreyfingarinnar og nýrra kynslóða  
félagsmanna.

Félagar

Eins og þið þekkið, gef ég ekki kost á mér til endurkjörs. Það er þónokkuð um liðið síðan ég tók þessa ákvörðun. Víst fylgir henni ákveðinn léttir, en ekki síður eftirsjá. Hvað annað? – eftir tólf og hálfis árs samstarf við ágæta félaga vítt og breitt um land.

Þegar ég lít til baka, tel ég að okkur hafi á þessum árum tekist um margt ágætlega. Það byggist þó – eins og ævinlega - fyrst og síðast á góðri samstöðu þegar á hefur reynt, en ekki á einhverjum einum í hópnum.

Ég hefði gjarnan viljað yfirgefa þessa vakt við aðrar aðstæður en við okkur blasa – en eins og ég sagði – þá er aðeins einn úr hópnum að stíga til hliðar og maður kemur í manns stað.

Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti við félagana í Alþýðusambandinu og ekki síst þá sem ég hef setið með í miðstjórn.

Síðast en ekki síst vil ég þakka frábæru samstarfsfólki á skrifstofu

Alþýðusambandsins samskiptin fyrr og síðar.

Félagar

Á fundum sem þessum hef ég alltaf lagt mikla áherslu á mikilvægi samstöðunnar. Stundum hefur það ef til vill hljómað eins og klisja og ég veit að þetta ákall mitt hefur verið misjafnlega sannfærandi og það hefur ekki alltaf fallið í frjóan jarðveg. Aðstæður í þjóðfélaginu hverju sinni hafa skipt þar mestu.

Ég vil þó ljúka máli mínu á því, að þegar virkilega hefur reynt á – þegar samstaða í verkalyðshreyfingunni hefur verið afar mikilvæg fyrir okkur og fyrir þjóðina – þá höfum við staðið þétt saman. Núna er það lífsspursmál. Nú sem aldrei fyrr reynir á samstöðuna. Við skulum – félagar - láta órofa samstöðu vera skýrustu skilaboð okkar frá þessum fundi.

Áttundi ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur.

Ég vil biðja Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta að taka við stjórn fundarins.